



Kæru foreldrar og forráðamenn fermingarbarna.

Meðal þess sem fermingarbörnin fá að kynnast í vetur er þróunar- og hjálparstarf á vegum kirkjunnar í landinu og þar á meðal kirkjunnar okkar. Við njótum samstarfs við starfsfólk Hjálparstarfs kirkjunnar sem hefur útbúið efnið sem við notum, myndir og upplýsingar um líf munaðarlausra barna í Úganda í Afriku. Fermingarbörnin fá að kynnast erfiðleikum sem þau glíma við. Við munum ræða ábyrgð okkar á því að allir jarðarbúar fái lifað mannsæmandi lífi. Síðan er ætlunin að fermingarbörnin gangi í hús og safni framlögum til verkefna sem kynnt hafa verið. Mörg hafa reynslu af því að ganga í hús úr iþróttu- og félagsstarfi. Fyrir söfnunina fá þau leiðbeiningar frá okkur um framkomu, öryggi og að gleyma ekki að vera vel klædd. Þau fara alltaf tvö og tvö saman. Ykkur foreldrum er velkomið að ganga með þeim og við þiggjum gjarnan aðstoð við að koma þeim af stað með baukana og taka á móti þeim aftur hér í kirkjunni. Það væri vel þegið.

Sameiginlegur söfnunardagur allra sem taka þátt í þessu verkefni er 4. - 5.nov. og 11. nov. kl. 17:30 – 21:00. Í samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar, sem okkar kirkja stendur að, höfum við skipulagt söfnun í sókninni okkar.

Við teljum að með þessari fræðslu getum við frætt fermingarbörnin um boðskap Krists á áþreifanlegan hátt. Hér skapast mótvægi við sibylju neikvæðra fréttu og tækifæri til að skynja að öll getum við lagt eitthvað af mörkum. Á unglingsárum þegar skilningur vex og ungt fólk er að móta sér lífsstíl er mikilvægt að fá að setja sig í samhengi við aðra í heiminum og skynja kraft sinn til þess að breyta rétt og hafa áhrif. Um leið metum við meira þá gæfu sem við njótum hér á Íslandi.

Verkefni þetta var fyrst unnið fyrir fjórtán árum og gafst mjög vel. Fermingarbörn meira en 60 sóknum um land allt taka þátt nú. Við vonum að þið takið undir með okkur í þessu, ræðið við og hvetjið börnin ykkar.

Með bestu kveðjum,

Ath. Æskulýðsstarf kirkjunnar í Sunnuhlíð, UD-Glerá, fer í ferðalag á Hólavatn 15. - 16. nóvember. Þau sem mæta á fundi fimmtudagana 7. og 14. nóv. kl. 20 eru velkomin að koma með.